



## TAKK FYRIR GÓÐAR STUNDIR Á LISTAHÁTIÐ

Listahátíð í Reykjavík 2011 lauk á sunnudagskvöld og stóð fjölbreytt dagskrá hátíðarinnar í sautján daga með tugum viðburða innan húss og utan og þátttöku yfir fimm hundruð listamanna, meðal annars frá Kína, Slóvakíu, Spáni, Póllandi, Nígeríu, Frakklandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Viðtökur voru mjög góðar og aðsókn frábær. Fullt hús var á flesta viðburði og á suma þeirra seldist fljótt upp, meðal annars á tónleika hátíðarinnar í Hörpu, þar sem Listahátíð hafði frumkvæði að alls kyns framsetningu tónleika í öllum sölum hins nýja tónlistarhúss.

Fjöldi einstaklega góðra dóma gagnrýnenda hefur birst í blöðum og ljósvakamiðlum um tónleika, sviðsverk og myndlistarsýningar hátíðarinnar. Af mörgum hápunktum má nefna tilkomumikið útiatriði sem þúsundir fylgdust með á Austurvelli, tónleika þýska tenórsins Jonasar Kaufmann og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og frumflutning íslenskra dans-, sviðs- og tónverka.

Myndlistarsýningar hátíðarinnar verða opnar fram á sumar. Í Listasafni Íslands stendur yfir sýning á verkum **Louise Bourgeois**, í Listasafni Reykjavíkur er sýning á veggspjöldum og teikningum **Tomi Ungerer** og einnig sýningin **Sjónarmið - á mótum myndlistar og heimspeki**. Danski myndlistarmaðurinn **Claus Carstensen** sýnir í Gallerí Kling og Bang og í Listasafni ASÍ er sýning **Hörpu Árnadóttur**.

Nánari upplýsingar eru á [vef Listahátíðar](#) þar sem einnig er að finna [ljósmyndir](#) og [myndbönd](#) frá liðinni hátíð. Á næstu vikum verða einnig leiknar í útvarpinu upptökur af fjölmörgum viðburðum Listahátíðar, bæði á Rás 1 og Rás 2.

**Listahátíð þakkar frábærar móttökur!**



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival  
Lækjargata 3 | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík  
Sími: (+354) 561 2444 | Fax: (+354) 562 2350  
[www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) | [artfest@artfest.is](mailto:artfest@artfest.is)

Aðalsamstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík



SAMSKIP

Iceland Express



Sérðu ekki viðhengi þessa pósts? [smelltu hér](#)

» [Afskrá mig af þessum póstlista](#)